



ÞRIÐJUDAGUR 15. SEPTEMBER 2020

Heimili

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —



Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Viðar Ingi Pétursson, vip@frettabladid.is

Halldóra er leikskólakennari og oliuflutningabílstjóri en líka Íslandsmeistari í götuspyrnu mótorhjóla, englasafnari og bráðum amma. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

Samferða mennskum og himneskum englum

Pegar Halldóra Vilhjálmsdóttir tyllir sér í stofunni heima á Akureyri er hún mitt á meðal 200 engla. Hún segir engla allt um kring og að sumir séu í mannsmynd. Halldóra safnar englum en segir englana þó safnast að sér. ➔2

Þórdís Lilja Gunnarsdóttir
thordisg@frettabladid.is



Égætlaði mér í sjálfu sér aldrei að safna englum en það má segja að englarnir safnist að mér, segir Halldóra Vilhjálmssdóttir sem á eitt stærsta englasafn landsins en það telur hátt í 200 engla af öllum stærðum og gerðum.

Elsti engillinn er kominn á fimmtugsaldurinn og hefur fylgt Halldóru frá barnæsku.

„Það er vængjaður kettlingur sem annar bræðra minna gaf mér þegar við vorum litil og mér þykir undurvænt um og fylgir mér enn. Englakísinn sá er fyrsta englastyttan sem ég eignaðist um dagana en síðan hefur stöðugt bæst í safnið,“ segir Halldóra, umkringd englakór í stofunni sinni heima á Akureyri.

„Það hefur reynst þrautin þyngri að koma englasafninu haganlega fyrir þannig að hver og einn engill njóti sín og ætli ég þurfi ekki að láta sérsmíða haganlega skápa undir þá.“

Englar koma til hjálpar

Halldóra er leikskólakennari að mennt og lauk framhaldsnámi í sérkennslufræðum. Hún hætti þó störfum í leikskóla eftir að hún fór í baki árið 2014.

„Þá var ég frá vinnu í tvö ár eða þar til ég var beðin um að keyra innanbæjarstrætó hér á Akureyri. Eftir tvö ár hjá Strætó fór ég til starfa hjá Oliudreifingu og hef nú keyrt oliuflutningabíla um gjörvallt Norður- og Norðvestur- og Norðausturland í hálf tann á,“ segir Halldóra sem um nýliðna helgi lagði 1.500 kílómetra að baki þegar hún fór þrjár ferðir austur á Þórshöfn með olíu.

„Ég er ýmist á stórum „trailer“ eða enn lengri tankbíl með beislivagn í eftirdragi. Það er vissulega kúnt að keyra svo stóra og þunga bíla, sem og að bakka með beislivagn, því honum er beygt öfugt við það sem vanalegt er með kerrur og vagna. Þá getur verið erfitt að aka oliuflutningabílum á veturna þegar keðja þarf dekkinn í snjófargi og hálfu en við förum aldrei af stað sé tvísýnt um veður,“ upplýsir Halldóra sem hefur keyrt fyrir Oliudreifingu síðastliðna tvo vetur, og þar starfar líka önnur kona við oliuflutningana.

„Ég hef gaman af flakkinu og hef ekið til staða sem ég hafði ekki áður séð. Starfið er fjölbreytt og skemmtilegt og ég hef fundið stöku engil í safnið á keyrslunni en svo eru náttúrlega alltaf englar í kringum mann, hvort sem maður sér þá eða ekki. Það hef ég oft skynjað og það hefur hjálpað mér, hvort sem það er trúin á engla eða hreinlega englar í mannsmynd sem eru jú þó nokkrir í kringum mann, því oft koma aðilar inn í líf manns þegar mest þarf á að halda.“

Hjartfólginn englaskari

Síðast þegar Halldóra taldi englastytturnar heima voru þær orðnar um 200 talsins en hún er líka með englapúsluspil, englamyndir og fleira sem skartar englum.

„Margir englanna eiga sína sögu og sumir eru mér kærari en aðrir. Þar á meðal eru þrír englar sem dóttir mín gerði handa mér sem litil stúlka og í nóvember bætir hún við litlum engli í fjölskylduna sem verður mitt fyrsta barnabarn og hún ber undir belti. Aðrir englar eru mér sérstaklega hjartfólgirnir því þeir tengjast missi, eins og fagur engill sem ég gaf ömmu minni heitinni þegar hún barðist við veikindi og ég fékk aftur til mín að henni látinni,“ segir Halldóra og lætur fara vel um sig í englaðaumi



Halldóra með tíkina Molly sem eins og aðrir á heimilinu kann vel við sig í englaskaranum. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN



Halldóra á einnig myndarlegt safn af litlum vínlöskum.



Margir af englum Halldóru eiga sér hjartfólgna sögur.



Halldóra segir englana skapa notalegt andrúmsloft.

”Hvað sem öllu liður trúin er og treysti að samferða mér sé engill sem heldur yfir mér verndarhendi.

hvert sem lítið er heima.

„Strákarnir mínir tveir sem enn eru heima gera engar athugasemdir við englaskarann. Ætli það sé ekki líka mikil vernd yfir heimilinu að búa með herskara engla? Allavega fyllist ég velliðan þegar ég sé fallegan engil. Ég er þó ekki trúadri en Jón og Gunna í næsta húsi en mér liður vel með englana hér heima sem og þá sem eru í mannsmynd í kringum mig. Ætli safnið sé ekki eins konar áminning um að alls staðar í kringum okkur séu englar, hvort sem maður sér þá eða ekki: englar sem lita til með okkur á einn eða annan hátt,“ segir Halldóra.

Hún er hvergi hætt að safna englum og kaupir sér snotra engla þegar þeir verða á vegi hennar en margir af hennar nánustu hafa líka fært henni engla í safnið.

„Af hverju englar? Jú, ég sækist eftir fegurð þeirra og friðsæld en líka gæsku þeirra og vernd sem allt skapar notalegt andrúmsloft. Englarnir toga mig til sín og eftir að hafa gefið barnungum bræðrasönum mínum engla í tækifærisgjöf hef ég líka keypt eins engla handa sjálfri mér,“ segir Halldóra og hlær.

Ósýnilegir englar í bílunum

Í safni Halldóru eru líka litríkir strumpar sem hún hefur notað til að skreyta aðventukrans og svo safnar hún litlum vínlöskum.

„Visir að flöskusafninu varð til þegar ég keppti í íshokki í Þýskalandi og margar flöskur bættust við þegar ég starfaði sem dyra-vörður,“ upplýsir Halldóra sem á yfir 80 flöskur í fórum sínum.

Hún er líka Íslandsmeistari í götuspyrnu og keyrir um á stáslægum móturfák.

„Ég er svolitil strákastelpa og heillaðist fljótt af bílum og mótorkhjólum. Ég á einhverja sautján bíkara fyrir mótorkhjólaspýrnurnar, varð Íslandsmeistari árið 2015 og lenti í 2. sæti á Íslandsmótinu árið á undan,“ segir Halldóra sem er þriggja barna móðir en dóttir hennar, sú sem á von á sér, er flutt suður á mölina að læra lögræði.

„Það er nóg að gera alla daga. Yngri strákurinn fermdist nú síðsumars og ég hlakka mikið til að takast á við ömmuhlutverkið. Ég trega það svolítið að barnabarnið verði fyrir sunnan en mér ætti ekki að verða skotaskuld úr því að skreppa þetta fram og til baka. Það er bara spurning hvort ég geti enn keyrt svona litla bíla,“ segir hún og hlær.

„Nei, það eru engar englastyttur með mér í oliuflutningabilunum, því ég flakka á milli bíla. Kannski ég bæti úr því fyrir veturinn og vona svo sannarlega að veðrin verði ekki eins slæm og þau voru í vetur sem leið. Hvað sem því öllu liður trúin er og treysti að samferða mér sé engill sem heldur yfir mér verndarhendi í akstrinum. Svo biða manns iðulega englar í mannsmynd þegar maður kemur í stað. Þannig á ég líka vinkonur og vini sem hafa reynst mér sem englar þegar þannig hefur staðið á í lífinu og það er bæði dýrmætt og ómetanlegt.“

HAUST TILBOÐ

25 - 35% Afsláttur af öllum legsteinum og fylgihlutum*



214.900 KR.
139.685 KR.



287.900 KR.
215.925 KR.



415.900 KR.
311.925 KR.



353.900 KR.
265.425 KR.



451.900 KR.
338.925 KR.



343.900 KR.
257.925 KR.



367.900 KR.
275.925 KR.




355.900 KR.
266.925 KR.



369.900 KR.
277.425 KR.



430.900 KR.
323.175 KR.



455.900 KR.
341.925 KR.

25% afsláttur á viðhaldi legsteina

AUKAHLUTIR S.S. LUKT OG VASI FYLGJA EKKI MEÐ Í TILBOÐI

ÞARF AÐ ENDURNÝJA LETRIÐ Á STEININUM?

GRANÍTHÖLLIN TEKUR AÐ SÉR AÐ HREINSA OG ENDURMÁLA LETUR Á LEGSTEINUM. EINNIG TÖKUM VIÐ AÐ OKKUR AÐ RÉTTA AF LEGSTEINA SEM ERU FARNIR AÐ HALLA.



*Tilboð miðast við að keyptur sé legsteinn
Smá skursturgjald bætist við út á land
Með fyrirvara um prentvillur og uppseldar vörur.

FOSSALEYNI 16
112 REYKJAVÍK

Graníthöllin
Legsteinar

SÍMI 555 3888
GRANITHOLLIN.IS

Smáauglýsingar

550 5055

Afgreiðsla smáauglýsinga og simi er opin alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki

KRÓKUR

ÞARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?

Bílauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

Bílauppbod - Krókur

Sími: 522 4610

www.bilauppbod.is

Bílar óskast

VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?

Kaupi bíla 25-350þús

Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka

Þjónusta

Pípulagnir

PÍPULAGNINGARÞJÓNUSTA

Viðgerðir, viðhald og nýlagnir.

Uppýsingar í síma 868-2055

Hreingerningar

Hreingerningaráþjónusta

Þvegillinn

5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþríf - Þríf eftir iðnaðarmenn thvegillinn. is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

Garðyrkja

PROSTONE

» Jarðvinna

» Drenlagnir

» Hellulagnir

» Þökulagnir

Þjónustum einstaklinga, fyrirtæki og húsfélög

519 7780

prostone@prostone.is

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bill. Búslóðalyfta. Flutningabj. Mikæls. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Spádómar

SPÁSÍMI 908 7000
Spámiðlun, tarot, fyrirbærni, algjör trúnaður. Opið til 22.

SPÁSÍMINN 908 5666
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggitur Rafverktaki.straumblik@gmail.com

Húsviðhald

HÚSA - VIÐGERÐIR

NÝSMÍÐI-VIÐGERÐIR-VIÐHALD AÐ UTAN SEM INNAN

* STEYPU/MÚRVIÐGERÐIR

* KL/ÆÐNINGAR : ÞÖK /VEGGI

* GLUGGAR/GLER

* INNRETTINGAR OG FL.

ÖRUGG OG FAGLEG ÞJÓNUSTA 30 ÁRA REYNSLA

TILBOÐ - TÍMAVINNA

UPPL. S : 8583300

serfagehf@gmail.com

Meistarar að verki

- Viðhald fasteigna
- Eldhús – Baðherbergi
- Múr- og steypuviðgerðir
- Málningarvinna inni/úti
- Gólfögn parket/flisar

Vönduð vinna-Vanir menn

Mávar Verktakar ehf.
780 3344 • mavarehf.is

PROSTONE

» Smíðavinna

» Múrvinna

» Málningarvinna

Þjónustum einstaklinga, fyrirtæki og húsfélög

519 7780

prostone@prostone.is

FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK

Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Timavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði. S. 616 1569

Trésmíði

Bætum við okkur verkum

Fjölbreytt inni trésmíði

totitimbur@gmail.com

s.8448628

TRÉ SMÍÐI

Önnur þjónusta

VIÐ SÉRHÆFUM OKKUR Í VANDAMÁLUM TENGDU **RAKA** OG **MYGLU**

Hafðu samband, án allra skuldbindinga S. 862-6310 www.mtisland.is

MT Ísland

Tjónaviðgerðir • Innivist

Keypt & Selt

Til sölu

RAFVESPA

60V/900W með 60 km. drægni. Hleðsla: 6-8 tímar. 25 km. hraði. Rauð, svört eða hvít.

Kr. 179.000,-

NITRO

Nitró - Urðarhvarfi 4 - 557 4848 - nitro.is

myranaut

Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

Óskast keypt

STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERKI!

Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupungull.is

Opið mán - fös 11-16, Skipholt 27, 105

Upplýsingar í síma 782 8800

Kaupi gamla mynt, ísl. & erlenda brons, silfur og gullpeninga. Peningaseðla frimerki póstkort. Verðmet heil söfn. S. 615 2715.

Til bygginga

HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS

Vatnasklæðning, panill, pallaefni, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Eurotec A4 harðviðarskrúfur. Penofin og Armstrong Clark harðviðarölía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símunum 660 0230 og 561 1122

Húsnæði

Atvinnuhúsnæði

VINNUAÐSTAÐA Í HJARTA BORGARINNAR!

Höfum nokkur vinnupláss laus á Teiknistofunni Öðinstorgi í hjarta borgarinnar fyrir sjálfstætt starfandi arkitekta eða aðra í sjálfstæðum rekstri. Húsnæðið er á 2. hæð á Öðinsgötu 7 með útsýni yfir Öðinstorg og svalir í suðvestur.

Áhugasamir hafi samband í síma 864-7835 eða sendi á lena@to.is.

FRÍSTUNDABÍL.
TIL LEIGU EÐA SÖLU 50 m2 bíl. Lofthæð 4 m. Hurð 3,7 m. Lager eða geymsla. Leiga: 99 þús. Sími: 661-6800

Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

GEYMSLUR.IS SÍMI 555-3464
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

FERÐAVAGNAGEYMSLA
Til leigu vetrargeymsla fyrir fellir- og hjólhýsi á besta stað í Reykjavík. Uppl. í s. 846 2986.

Tilkynningar

Tilkynningar

Tilkynningar

WWW.YAAKOVSWELL.NET
Here you will find a series of studies of the Blessed Torah. All the material is completely free. you may download it, copy it and give it away.

Ábendingahappinn má finna á www.barnaheill.is

SAFT

ÞJÓNUSTAUGLÝSINGAR

ÞARF ÞÚ AÐ KOMA FYRIR TÆKINU ÞÍNU Á FRAMFÆRI?

HAFÐU SAMBAND OG VIÐ GERUM ÞÉR TILBOÐ

FRÉTTABLAÐIÐ

Sími 550 5055 | smaar@frettabladid.is

FJÖLBÝLISHÚSALÓÐ Í GARÐABÆ



Garðabær auglýsir til sölu byggingarrétt fjölbýlishúsalóðar við Eskiás 10 í Garðabæ. Lóðin við Eskiás 10 er um 2.200 m² og er heimild til að byggja á lóðinni fjölbýlishús með 12 íbúðum. Heildarbyggingarmagn er 1.534 m² og leitað er eftir tilboðum í allan byggingarrétt lóðarinnar í samræmi við úthlutunar- og útboðsskilmála. Aðeins lögaðilar geta boðið í byggingarréttinn.

Tilboðsfrestur í byggingarrétt á lóðinni er til **1. október nk.**
Nánari upplýsingar um útboðs- og úthlutunarskilmála má sjá á vef Garðabæjar, gardabaer.is.

GARÐABÆR
GARÐATORGI 7 • SÍMI 525 8500 • GARDABAER.IS